

Foreldrafélagsfundur 7.mars 2019

Mættir: Anna leikskólastjóri, Fríða formaður, Edda ritari, Áslaug meðstjórnandi og Geir fulltrúi foreldraráðs.

Málefni fundarins:

- Aðalfundur foreldrafélagsins: rætt um fyrirkomulagið að sameina aftur fundinn og námskeið/fyrirlestur með starfsfólki leikskólans. Það heppnaðist vel þegar við vorum með námskeiðið: *Lærum og leikum með hljóðin*. Starfsfólkið er nýbúið með námskeiði um erfiða hegðun barna sem Bára K. Gylfadóttir hélt og erfitt að koma öðru námskeiði fyrir á þessari önn. Ákveðið að stefna að því næsta vetur og boða núna til aðalfundar 9.apríl. Það eru lög og viðmið sem krefjast þess að boðað sé til aðalfundar þar sem staða og hlutverk félagsins eru kynnt.
- Fréttabréf foreldrafélagsins: það væri sniðugt að senda fréttabréf á foreldra 2x á hverju skólaári. Á haustönn og á vorönn þar sem helstu viðburðir og dagskrá félagsins koma fram. T.d. dans og leiksýning í boði foreldrafélagsins.
- Opið hús: Föstudaginn 3.maí er opið hús í leikskólanum frá kl. 15.00-16.30. Við ætlum að hafa sama fyrirkomulag og síðast. Foreldrafélagið pantar tvær stórar súkkulaðikökur frá Myllunni og kaupir vínber og eitthvað fleira. Edda pantar kökurnar og Fríða kaupir vínber og fleira.
- Sveitaferð: Búið að panta Miðdal fyrir sveitaferð föstudaginn 17.maí. Það á eftir að panta rútur og ákveðið er að panta fleiri rútur en síðast þar sem margir bættust við á síðustu stundu. Allir foreldrar og systkini eru velkomin með í ferðina en þurfa að skrá sig tímanlega og borða 1500 kr í rútuna. Pylsur verða í boði fyrir alla sem mæta í ferðina.
- Fundargerð: Á heimasíðu leikskólans eiga allar fundargerðir foreldrafélagsins að vera aðgengilegar. Leikskólinn þarf að halda betur utan um það og foreldrafélagið þarf að skila af sér fundargerðum eftir hvern fund.
- Viðhorfskönnun: Það er almennt mjög mikil ánægja með leikskólann og starfsemi hans.
- Sumarfrí leikskólabarna: Allir foreldrar hafa fengið bréf sem skila á í síðasta lagi 25.mars um sumarfrí barnanna sinna. Mælt er til að skólahópurinn hætti við sumarfrí en það er ekki skylda en er betra í allri skipulagningu leikskólans í aðlögun nýrra

barna. Verðandi skólabörn hafa núna tækifæri til að fara í frístund viku fyrir skólasetningu.

- Ýmis málefni: leikskólinn var að kaupa dýnu í salinn sem kostaði 80.000 kr. og foreldrafélagið samþykkti að greiða fyrir hana.

Ritari

Edda Guðrún Valdimarsdóttir